

Fundur 17.2.2025 Sigurður Ólafsson gamall félagi.

Komið þið sælir kærur vinir og félagar.

*Vertu velkominn og sæll.*

Já takk fyrir.

Frá mér bárust skilaboð á síðasta fundi og hef ég verið mjög óþreyjufullur að láta í mér heyra og orkan mikil á okkar fundi og vona ég að þið skynjið það og njótið þess.

*Já takk fyrir það.*

Ég hef nokkrum sinnum komið í samband til ykkar núna þessi síðustu misseri til að reyna að tjá það sem ég er að fást við og vona ég að það gangi vel hér í kvöld, Sveinn biður að heilsa ykkur Haraldsson og vill hann einnig láta í sér heyra og margir fleiri hér nálægir mér.

Og ég hef verið hér ásamt mörgum öðrum að reyna að skipuleggja starfið og sjá fyrir það sem er að gerast í orkuheiminum eða andlega heiminum, hvorn veginn sem við nefnum það nú, og ég hef svo oft verið að reyna að komast að því, hvernig á því stendur að orkan er misjöfn og það fer bæði eftir stundum dagsins og árunum sem líða og það fer eftir áratugunum og hinum lengri tímasteiðum.

Og reyndi ég að tjá það eitt sinn þegar ég kom í sambandið til ykkar nýlega, man ég ekki nákvæmlega hvenær það var, en þegar ég var nýkominn á þennan hnött, fann ég fyrir mikilli og góðri orku og sagði ég þá frá því í gegnum aðra miðla, hvernig ég upplifði þetta umhverfi og bjóst ég þá við því að í gegn kæmst líkamningar og að hinn mikli sigur dr. Helga Pjeturss myndi vinnast, en úr því varð nú ekki.

Og þurfti ég að fást við önnur störf í millitíðinni, en fór ég aftur að sinna Nýals málefnum á miðjum aldri og á þessum hnetti, hef ég aftur verið að gefa gaum þessum orku tengdum málefnum og hefur mér virðst sem aftur séu Guðirnir að senda orku og reyna að bjarga, eins og þeir reynu að gera þá.

Og var það einnig mjög eftirtektarvert fyrir um það bil 35 árum eða svo á ykkar tímatali, þegar enn var reynt að senda ykkur orku og úr því varð nýaldar hreyfingin og mikil orkuvakning á ykkar hnetti og öðrum frumlífs hnöttum.

En fór það einnig út um þúfur og var hin andlega vakning ekki eins áhrifarík og vonast var til, og lentuð þið svo í efnahags hruni og kom það af stað reiði og neikvæðum tilfinningum, þannig að ýmislegt bjátar á.

En um sama leiti og hin mikla árás lenti á jörðinni sem var í formi Covid sem þið þekkið, þá var hér einnig reynd mikil björgunaráætlun og vil ég ekki þakka mér fyrir annað en að vera einn af fjölmörgum á þessum hnetti sem safnaði upplýsingum og safnaði saman fólki til þess að stilla ykkur til sambands við góða vætti og góðar verur og reyna að fá samstillingu jarðarbúa til að bæggja frá þeim ógnum sem verstar voru á þeim tíma.

Lenti ég þó einnig í því að Covid sjúkdómurinn kom hingað einnig í smáum stíl og ýmis konar orku sveiflur sem fylgdu eftirlitsmönnum Jahves og herliði hans hér um stundarsakir og sambandsstöð biskupsins, og hef ég því fundið fyrir hjartveiki eins og varð mér að fjörtjóni og hef ég þurft að hugsa um heilsuna, en

*Þú ert Sigurður ?*

Já, ég er Sigurður Ólafsson, ég er nú í fullu fjöri, en ég segi það að við erum nú ekki alveg ónæm, og er ég nú komin á miðjan aldur, en ég vildi nú segja það, þar að auki að ég vildi hér aðeins hnykkja á nokkrum atriðum í viðbót áður en lengra er haldið og gaman við ykkur að ræða og vona

ég að barnabörnin frétti af mér og okkur hjónunum, hún er komin hér fyrir all löngu, amma þeirra og ég vildi segja það að mér þykja vindlarnir enn þá góðir.

*He he, ein af mínum fyrstu minningum um þig, var það að ég kom hér fyrst og þið fóruð hér út á svalir og kveiktir í vindli, ég gleymi aldrei lyktinni, hún var svo góð.*

Já þakka þér fyrir það vinur, en ég vil segja það að ég tilheyri nú öðru samfélagi en margir alast upp við í ykkar samtíma, en ég hef, hann bar frá mér skilaboðin einn af síðasta fundi, ég vil leggja áherslu á það, að til að þið komist út úr ákveðnum mögnunar erfiðleikum á jörðinni sem heild, þá þurfið þið að taka undir réttindi kvenna og láta af deilum vegna þess að það verða aðrir örðugleikar og næ ekki alveg að lýsa þessu, en látið ekki staðal ímyndir trufla ykkur.

Já ég veit að ég á barnabörn þarna hjá ykkur og þau mega gjarnan fréttu af mér og já já okkar fjölskylda er orðin allstærri hér og sumuleiðis og faðir minn, og við höfum hér samskonar fyrirtæki sem bæði sérhæfir sig í reiðhjólum, hljómlist og fleiru já já

Það var mjög ánægjulegt að tala við ykkur og náði nú ekki að koma öllu í gegn, en er þó nokkuð sáttur, og gaman að heyra í þér Þorsteinn.

*Og gaman að heyra í þér, þú ert mér svo sterkur í minningunni, ég leit svo mikið upp til þín, ungur maður.*

Þakka þér fyrir það og ég reyni að standa undir því, eitt af því sem ég hef einbeitt mér að hér á þessum hnetti, það er að hjálpa ungu fólki að blómstra og hvort sem það er fjárhagslega eða að öðru leiti, styðja við sjálfstæðis viðleitnina og fólk finni hjá sér ástæðu og áhuga á að halda áfram námi og starfi og njóti velgengni sem það á skilið.

Ég hef hitt foreldra þína og þau vilja gjarnan komast í sambandið og vona að það takist og senda þér og bróður þínum og öðrum ættingjum bestu kveðjur og reynum að senda þeim orku eins og aðrir.

*Ég skila því og til móðursystur minnar, henni mun þykja vænt um það.*

Já, hún man eftir mér.

*Já svo sannarlega.*

Og já já, faðir þinn og fleiri, jæja þá þakka ég fyrir mig og bið að heilsa og þá kveð ég ykkur að sinni, já það er gott að ég gat komið nokkru í gegn, en það fer nú eftir orkunni hvort allt kemst í gegn.

Verið þið sælir og vil ég mjög gjarnan að þið haldið áfram með miðilstillraunir.

Verið þið sæl og blessuð, þakka ég fyrir.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna.*